



UPPLÝSING - fagfélag bókasafns- og upplýsingafræða

Fjarðarbyggð

Reykjavík 21.12.2023

Efni: Erindi til sveitarstjórnar vegna bókasafna í Fjarðabyggð

Upplýsingu hefur borist ábending um breytingu á starfsemi bókasafna í Fjarðabyggð og vill að því tilefni benda sveitarstjórn Fjarðabyggðar á mikilvægi þess að börn og almenningur hafi aðgang að bókasafni í sinni heimabyggð. Þetta er svo mikilvægt að það er bundið í lög, <https://www.althingi.is/lagas/153c/2012150.html>

Víða um land hefur verið dregið úr starfsemi almenningsbókasafna með því að sameina þau grunnskólasöfnum eins og tíðkast hefur um árabil í Fjarðabyggð. Okkur þykir miður að ekki sé skilningur á ólíkum hlutverkum skólasafna og almenningssafna og bendum góðfúslega á að þó svo söfnin séu samsteypusöfn og samnýti húsnæði og safnkost þá er starfsemin sem er rekin á skólasafni og almenningssafni ekki sú sama. Uppbygging þjónustu og safnkosts er ekki sambærileg afgreiðslu bóka á safni. Það þarf að tryggja Austfirðingum að menntun þeirra sem hafa umsjón safnanna á sinni ábyrgð sé með þeim hætti að söfnin eflist í að sinna báðum þessum hlutverkum og að fjármögnun safnanna sé tryggð.

Niðurskurður og vanþekking er ekki góð leið til að auka læsi og efla menningarþekkingu barna- og ungmenna en þar gegna bókasöfnin lykilhlutverki með því að efla læsi og svala forvitni og auka áhuga ungra manneskja á bókmenntum, íslenskri tungu og menningu. Auk þessa grundvallarhlutverks gegna bókasöfnin afar lýðræðislegu hlutverki þar sem þjónusta þeirra og aðgengi að safnkosti með þeim hætti að hún kemur ekki niður á efnaminni fjölskyldum.

Við viljum benda á ný lög um eflingu íslenskrar tungu og að þar er tilgreint sérstaklega í 11. Grein að efla skuli skólabókasöfn því þau gegna lykilhlutverki í að styðja við læsi og þekkingu á tungumáli okkar, menningu og siðum.

Sjá: <https://www.althingi.is/alttext/154/s/0582.html>

Upplýsing harmar þá ákvörðun sveitarstjórnar Fjarðarbyggðar að færa samsteypusöfn sín undir skólastjórnendur. Skólastjórnendur eru hvorki sérfræðingar í hlutverki og markmiðum almenningsbókasafna né skólabókasafna og þótt að um samsteypusöfn við grunnskólasöfnin sé að ræða og því er það mikill missir fyrir samfélög Fjarðabyggðar að ekki sé meiri metnaður lagður í að veita þeim góða bókmennta- og menningarlega þjónustu. Nær hefði verið að láta bókasöfnin fylgja með öðrum söfnum í sveitarfélaginu undir Menningarstofnun Austurlands og ráða þangað

upplýsingafræðing sem hefði málefni bókasafnanna á sínu forræði með uppbyggingu og aukna þjónustu við samfélagið að leiðarljósi.

Það er einlæg von okkar að sveitarstjórn breyti þessari ákvörðun og hlúi að og rækti það tækifæri sem felst í öflugum skólabókasafnastarfi eins og ný lög kveða á. Samsteypusöfn víða um land munu falla undir þessi lög. Við hvetjum ykkur til að standa með þeim áherslum sem verið er að boða varðandi eflingu íslenskrar tungu, með aðstoð bókasafna í Fjarðabyggð og gera það af myndugskap fyrir firðina ykkar.

Með vinsemd og virðingu,

Þórný Hlynsdóttir
Formaður Upplýsingar